Málsnr. 2104006/JKÁ

Minnisblað

Til: Framkvæmdastjóra SSH

Frá: Jóni Kjartani Ágústssyni, svæðisskipulagsstjóra

Efni: Sóknaráætlun - Samræming úrgangsflokkunar – lok verkefnis

Dags: Janúar 2022

- Í sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins 2020 - 2024 er kveðið á um að sveitarfélögin hyggist vinna að því að samhæfa og bæta meðferð úrgangs, þ.á.m. skoða sameiginlega úrgangsflokkun á höfuðborgarsvæðinu.
- Þann 26. júní 2020 hélt SSH ráðstefnu á Grand Hótel til að ræða hvort samræma ætti úrgangsflokkun á höfuðborgarsvæðinu. Á ráðstefnuna mættu hagaðilar frá sveitarfélögunum og á almennum markaði.
- Á 493. stjórnarfundi SSH var samþykkt að vinna áhersluverkefnið *samræming úrgangsflokkunar á höfuðborgarsvæðinu* og ákveðið að vinna fýsileikaskýrslu um fyrirkomulag samræmingar. Ráðgjafastofan Resource var ráðin til að sinna vinnunni ásamt faghópi tæknimanna sem sveitarfélögin tilnefndu til fulltrúa.
- Á 508. stjórnarfundi var staða vinnunnar kynnt.
- Á 518 stjórnarfundi var fýsileikaskýrsla lögð fram og eftirfarandi bókað í fundargerð: *„Þá er skrifstofu SSH falið að senda skýrslu um samræmingu úrgangsflokkunar á höfuðborgarsvæðinu til sveitarfélaganna til kynningar og umræðu. Að umræðu lokinni verður tekin ákvörðun um næstu skref verkefnisins.*“
- Á 523. stjórnarfundi var erindið lagt fyrir að nýju eftir afgreiðslu sveitarfélaganna ásamt minnisblaði svæðisskipulagsstjóra og starfshóps verkefnisins dags. 12.04.2021 um næstu skref. Eftirfarandi var bókað í fundargerð undir þessum lið: *„Stjórn samþykkir fyrirliggjandi tillögur sem lagðar eru fram í minnisblaði dags. 12. apríl 2021 og að vinnunni verði haldið áfram á grunni þeirra. Niðurstaða fundarins verði send sveitarfélögunum til kynningar og fylgt eftir með frekari kynningum óski sveitarfélögin eftir því“.*
- Þann 21. janúar var fýsileikaskýrsla kynnt fyrir kjörnum fulltrúum á rafrænum kynningarfundi.
- Sorpa og SSH réðu saman verkefnastjóra til að stýra vinnunni. Sveitarfélögin framlengdu starfstíma starfshóps verkefnisins. Verkefnastjóri og starfshópur funduðu u.þ.b. vikulega á árinu 2021 vegna fýsileikaskýrslu og skýrslu um samræmingu. Hópurinn fundaði með innlendum hagsmunaaðilum á almennum markaði og fékk kynningar frá Mölndal í Svíþjóð, Odense og Roskylde í Danmörku. Í nóvember 2021 fór hópurinn í fræðsluferð til þessara bæja og fékk kynningu á fyrirkomulagi og tilhögun við samræmda úrgangsflokkun.
- Á 528. fundi stjórnar var lagt fram minnisblað um stöðu verkefnisins, ásamt öðrum sóknaráætlunarverkefnum.
- Þann 24. september var verkefnið kynnt fyrir kjörnum fulltrúum á rafrænum kynningarfundi.
- Skýrsla starfshóps tæknimanna um samræmingu úrgangsflokkunar liggur nú fyrir. Starfshópurinn leggur til að sveitarfélögin safni fjórum úrgangsflokkum við heimili (blandað, lífrænt, pappír, plast) og þrem við grenndarstöðvar (málmar, gler, textíl + dósir/gler) eða fimm (málmar, gler, textíl, plast, pappír + dósir/gler). Við sérbýli er lagt til að notast verði við tvískipt ílát fyrir blandað og lífrænan úrgang en að eldri ílát verði áfram hagnýtt fyrir pappír og plast, nema í þeim tilfellum þegar íbúa óska eftir tveimur tvískiptum ílátum. Lagt er til að lífrænum úrgangi sé safnað í bréfpoka. Lagt er til að sveitarfélögin vinni sameiginlega að kynningarstarfi vegna sorphirðu og úrgangsflokkunar og haldi áfram að vinna sameiginlega að framtíðarfyrirkomulags úrgangsflokkunar.
- Skýrslan er afhent stjórn SSH til umræðu og afgreiðslu, ásamt tillögu að yfirlýsingu um áframhaldandi samstarf sveitarfélaganna.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026